

15. fundur í háskólaráði LbhÍ haldinn á Hvanneyri 17. október 2007 kl. 10:30. Mættir: Ari Teitsson, Þorsteinn Tómasson, Stefán Kalmansson, Haraldur Benediktsson, Emma Eyþórsdóttir, Jón Torfi Jónasson, Brynhildur Einarsdóttir, Ágúst Sigurðsson rektor og Þorvaldur T. Jónsson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar. Yfirfarin og samþykkt samhljóða.
2. Þróun mála frá síðasta fundi.
 - a) **ÁS fór yfir ýmis mál**, fram kom m.a. að nemendum hefur fjölgað um 75% milli ára. Í sumar var tekin í notkun ný skrifstofu- og fundaraðstaða í Ásgarði og unnið hefur verið að ýmsum viðhaldsverkefnum á Keldnaholti og Reykjum. Í undirbúningi er bygging nýrra nemendagarða á Hvanneyri en Nemendagarðarnir eru sjálfseignarstofnun.
 - b) **Viðurkenning fræðasviða.** Björn Þorsteinsson kom á fundinn og reifaði skýrslu sérfræðinganevndar um formlega viðurkenningu LbhÍ á fræðasviðinu náttúruvísindi. Viðurkenningin er veitt án skilyrða og LbhÍ fær almennt góða umsögn í skýrslunni. Ýmsar ábendingar og athugasemdir koma þó fram. Lögð var fram eftirfarandi ályktun: “Háskólaráð fagnar þeirri vinnu sem unnin hefur verið af hálfu starfsfólks LbhÍ við undirbúning umsóknar um viðurkenningu á fræðasviðum og lýsir ánægju með hversu vel hefur verið að henni staðið. Ráðið fagnar þeim áfanga sem með þessu er náð og þakkar starfsfólki vel unnin störf við umsóknarferlið.”
Í umræðum kom m.a. fram að þrátt fyrir athugasemdir í skýrslunni væri mikilvægt væri að stjórnendur LbhÍ héldu sinni eigin sýn á forgangsröðun og viðfangsefni.
 - c) **NOVA samstarfið.** Björn Þorsteinsson lýsti NOVA samstarfinu en það er fólgið í samstarfi norrænna háskóla á sviði skógræktar, dýralækninga og landbúnaðar. ÞP fór yfir stefnumótun Nova fyrir árin 2007 til 2010 sem lýtur meðal annars að sameiginlegri námsleið í doktorsnámi, sameiginlegum námsleiðum í mastersnámi, auknum nemendaskiptum og ýmsu formlegu samstarfi. Í umræðum kom m.a. fram að miklir möguleikar fælust í samstarfinu fyrir LbhÍ þar sem það eykur til muna þá valkosti sem skólinn getur boðið nemendum sínum, sérstaklega varðandi framhaldsnám.
3. Landgræðsluskóli SP. ÁS lýsti stöðu mála varðandi Landgræðsluskóla SP en LbhÍ hefur undirritað samning við utanríkisráðuneyti um verkefnið. Til verkefnisins verður varið 117 millj króna á þremur árum sem telst vera undirbúnings – og þróunartími skólans. Umræður urðu m.a. um samstarfsaðila og kom fram að mikilvægt væri að nýta vel þá styrkleika og sérþekkingu sem til er í landinu á þessu sviði, hjá LbhÍ og öðrum aðilum. Jafnframt að mikilvægt sé að LbhÍ nýti þennan samning í kynningarstarfi sínu.
4. Flutningur innan stjórnarráðsins. ÁS kynnti væntanlegar lagabreytingar vegna tilfærslu LbhÍ frá Landbúnaðarráðuneyti til Menntamálaráðuneytis. ÞT kynnti vinnu innan ráðuneyta sem lýtur að ákvörðunum um fjárveitingar til stofnunarinnar. Samkvæmt þeim tillögum sem nú liggja fyrir mun meginhluti þess fjár sem verja á til rannsókna falla til samkvæmt samningi sem gerður verður við landbúnaðarráðuneyti um fjármagn til rannsókna á sviði landbúnaðar. Miðað við Framlag til kennslu er ofáttað miðað við núverandi nemendafjölda um 60 millj kr en framlag til rannsókna vanáttað að sama

skapi. Brýnt er að fá leiðréttingu á þessu þannig að fjárveiting til rannsókna nemi amk 300 millj kr. Um 60% af umsvifum skólans felst í rannsóknastarfi og er mikilvægt að fjárveitingar séu í samræmi við það. Í umræðum kom m.a. fram að við tilurð LbhÍ hafi verið sameinaðir tveir skólar og mjög öflug rannsóknastofnun sem hefði verið stofnuð og starfrækt til að þjóna landbúnaði og tengdum verkefnum. Mikilvægt sé að sá bakgrunnur sé hafður að leiðarljósi við ákvörðun um fjárveitingar til skólans.

5. Yfirlit um rekstur – drög að fjárhagsáætlun. ÞTJ fór yfir lykiltölur í rekstri LbhÍ á árunum 2004 – 2007 og horfur 2008 miðað við núverandi forsendur fjárlaga. Halli hefur verið á rekstri LbhÍ frá upphafi ef miðað er við fasta fjárveitingu.
6. Stefnumörkun LbhÍ til næstu 5 ára – undirbúningur og verklag. ÁS greindi frá áhuga stjórnar að vinna stefnumótun fyrir LbhÍ. Háskólaráð samþykkir að fela rektor LbhÍ að hefja stefnumótunarvinnu.
7. Önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:35.